

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 14.12.2004
Tímasetning fundar: 20:30 – 22:30
Fundarstaður: Bræðraborgarstígur 13, 101 Reykjavík

Stjórnarmenn / Fundarmenn:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (SA)	Formaður	Mætt
Kristín Ingimundardóttir (KI)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Meðstjórnandi	Mætt
Ásdís Hjálmtýsdóttir (ÁH)	Meðstjórnandi	Fjarverandi

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Gögn frá fyrrverandi formanni Gíggunnar

Fyrrverandi formaður Gíggunnar (Guðrún Karlsdóttir) boðaði forföll á fundinn. Hún mun verða í sambandi við SA síðar til að koma gögnum frá fyrsta starfsári Gíggunnar til stjórnar Gíggunnar

2. Kvennakóramót 2005

Kvennakóramót, erlendis í Västerås í Svíþjóð. Ennþá liggja ekki fyrir miklar upplýsingar um mótið. SA hafði símasamband við Sigrúnu Þorgeirsdóttur, netfang; sigrun54@mi.is (Kvennakór Reykjavíkur) og hún hafði þetta að segja um málið. Gjaldið er 1150 sænskar krónur (u.þ.b. 13.000 ISK pr/þátttakanda). Mótið verður haldið í Västerås 22. - 25. september 2005. Nánari upplýsingar eru væntanlegar í janúar 2005.

Kvennakóramót, innanlands í Hafnarfirði. Kvennakór Hafnarfjarðar er að undirbúa íslenskt kvennakóramót sem haldið verður 29. apríl – 1. maí 2005. Samkvæmt upplýsingum frá KI eru u.þ.b. 400 konur skráðar nú þegar. Nánari upplýsingar um kvennakóramótið liggja vonandi fyrir á næsta stjórnarfundum Gíggunnar. SA bar upp þá hugmynd að sett yrði upp búð á mótsstað þannig að kórar gætu kynnt/selt varning sinn geisladiska, söngbækur eða matreiðslubækur svo dæmi séu tekin. SA vildi líka koma því á framfæri við KI (og mótsnefnd Kvennakórs Hafnarfjarðar) að gert yrði ráð fyrir aðalfundi Gíggunnar í dagskrá mótsins, þ.e. hann yrði settur inn á dagskrá mótsins og fundið heppilegt húsnaði fyrir hann.

2. Yfirlit um alla kóra í Gíggunni

Upplýsingar liggja ekki fyrir um alla kóra. Málið verður tekið fyrir síðar þegar allir stjórnarmeðlimir Gíggunnar hafa haft samband við sína kóra til að afla upplýsinga um starfsemina sem er hægt að setja á heimasíðu Gíggunnar, www.gigjan.is.

3. Senda fréttabréf til aðildarkóra Gíggunnar

SA lagði fram þá tillögu að senda út fréttabréf 15. janúar og bjóða Kvennakór Hafnarfjarðar að senda samhliða upplýsingar um kvennakóramótið. Innihald bréfsins gæti þá orðið eitthvað á þessa leið: 1) Bréf um íslenska kóramótið, 2) Upplýsingar frá stjórn Gíggunnar, 3) Boðsbréf á málþing.

4. Innganga í Samtök flytjenda og hljómplötuútgefenda (SFH)

Gígjan hefur áhuga á að ganga í SFH til þess að það megi gerast þarf að skrifa formlegt bréf með upplýsingum um alla kóra samtakanna og upplýsingar um útgáfu á geisladiskum á þeirra vegum. SA er búin að senda bréf til SFH. SA er búin að ræða við Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóra og verður bréfið tekið fyrir á næsta stjórnarfundum SFH í janúar 2005. SA lagði fram hugmynd; Ef Gígjan fær greitt frá sjóðum SFH verður það vegna útgáfu kóranna. SA stingur upp á því að stofna sjóð sem verður stjórnað af utanað komandi aðilum (þ.e. ekki stjórnarmeðlimum Gígunnar). Hugmyndin er sú að kórar geti sótt í sjóðinn vegna ákveðinna verkefna, t.d. vegna útgáfu geisladiska eða útsetningu á tónlist. SA lagði þetta fram sem hugmynd til umhugsunar, verður tekið til afgreiðslu síðar. Fundarmenn voru ánægðir með þessa hugmynd frá SA.

5. Heimasíða Gígunnar, <http://gigjan.is/>

Ákveðið að láta smíða heimasíðuna frá grunni, það er talið mun einfaldara heldur en að reyna lagfæra þá síðu sem er á vefnum í dag. Samþykkt að greiða verktaka kr. 100.000 fyrir að setja upp beinagrind af heimasíðu Gígunnar ásamt HG. Ákveðið að stjórnarmeðlimir Gígunnar komi allir með hugmyndir fyrir heimasíðuna og uppbyggingu hennar á næsta stjórnarfund.

6. Málþing fyrir kórstjóra

SA fór fyrir drög að dagskrá fyrir málþing kórstjóra. Málið er í vinnslu.

7. Fyrirspurn vegna kostnaðar við akstur vegna stjórnarfunda

ÁHB lagði fram fyrirspurn um að fulltrúar í sjórn Gígunnar af landsbyggðinni fái greiddan kostnað við akstur vegna stjórnarfunda. Málin rædd og ýmsar hugmyndir reifaðar, málinu vísað til frekari umfjöllunar síðar.

8. Önnur mál.

- Bréf frá Fjölvis. Samtökunum hefur borist bréf frá Fjölvis vegna ljósritunar þ.e. að kórar greiði ákveðið gjald á hverju ári til Fjölvis. Stjórnin þarf að skoða það mál nánar, málinu vísað frá, verður afgreitt síðar.